

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. júní 2000.

Breyting á áður samþykktu deiliskipulagi felst í því að lóðarmörkum lóða nr. 208-3158, 208-3157 og 208-3156 hefur verið breytt innbyrðis og byggingarreitur lóðar nr. 208-3158 lítillaga minnkaður.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag Áshamars sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 16. nóvember 1998.

Mosfellsbæ, 4. september 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 120/1987, um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands.

1. gr.

Reglugerð um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands nr. 120/1987 fellur úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. september 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit nr. 128/1997.

1. gr.

11. tölul. greinar 3.2. í viðauka VI orðist svo:

Leiðrétt sjókort og/eða öll viðeigandi sjóferðagögn sem eru nauðsynleg til fyrirhugaðrar sjóferðar eru ekki fyrir hendi, að teknu tilliti til þess að nota má rafrænt sjó korta- og upplýsingakerfi (ECDIS), gerðarprófað í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla, með opinber stafræn gögn í stað sjó korta.